

Íslands 1000 ár, Íslands sjálfstæðu
100 ár, Vopnafjarðar viðburðaríku
100 ár.

Fjörðurinn geymir sálir sem hlógu
og grétu í skjóli Krossavíkurfjalla,
tár Vesturfara sem horfðu á
sjóndeildarhringinn kyngja
Tanganum í hinsta sinn. Tár þeirra
sem upplifðu sjálfstæðið
annarsstaðar.

Yfir Vopnafirði svífa friðsælir
hugir allra þeirra sem dormuðu í
grænu gili við bros sólarinnar á
hlýjum sumardögum.
Vopnafjörður í 100 ár geymir
stundir ástfangra para sem bundu
loforð undir blessun
stjörnutjaldsins í ágúst.

Drekinn geymir í hjarta sínu alla
gullnu kossana undir bjartri
sumarnótt, öll faðmlög ástvina
við fyrstu og hinstu kveðjustund.

Guð geymir alla þá sjálfstæðu
Íslendinga sem luku ferðalaginu

með fallegum söng, við undirspil
vinds og fugla.

Húsin geyma stolt útkeyrðra
bænda og verkamanna sem
horfðu yfir barnaskarann sinn
eftir erfiðan vinnudag.

Hafið geymir minningar um
vopnfirsku hetjurnar sem horfðu
til Leiðarhafnar með
tregablöndnum augum áður en
mar togaði þær niður í myrkrið -
aðeins rétt áður en ljósið opnaði
faðm sinn fyrir þeim.

100 ár af sjálfstæðum Vopnafirði
endurspeglast í heiðaharmi fyrr
og nú. Öllum ungu sálunum sem
fengu ekki að vera með í
ferðalaginu - misstu af
haustskipunum.

Hjarta drekans stækkar þegar
hann hugsar til sigra Einherja,
Sjómannadaga liðinna tíma,
kaffisamsæta í Staðarholti og
Miklagarði, ferminga og
brúðkaupa. Drekahjartað hamast

þegar það hugsar um glitrandi
veggi Þverárgils, tímalaus ró
Selárgljúfra, svarta sporlausa
sanda Sandvíkur.

Og öll orð Jónasar Hallgrímssonar
um Ísland verða að svo miklu
þegar hnarreistur Vopnafjörður
blasir við manni eftir keyrslu á
holóttum malarvegi Bustarfells.

Og allt hið íslenska verður að
heilu sólkerfi þegar stígið er inn í
óðalsetrið að Bustarfelli - þegar
klöngrast er á rústum erfiðra tíma
alþýðunnar í Brunahvammi.

Á 100 ára afmælinu minnumst við
þeirra sem voru Vopnafirði allt og
Vopnafjörður allt fyrir þeim.
Þeirra sem kvöddu of snemma -
sem voru rifin frá ástvinum til að
gegna stærra hlutverki - og þeirra
sem kvöddu saddir - með
fullnægðum táraflæðandi augum
vitandi að Vopnafjörður alsælu
tók við hinum megin.

Hundrað ár af spegilsléttum
glitrandi sólarsæ, Hundrað ár af
blindhríð og berjandi stórbrimi.

Hundrað ár af hamragörðum
Krossavíkur í spennitreyju
frostsins.

Hundrað ár af hólmunum
óhaggandi, traustum í
árstíðabundnum grænum, gráum
eða hvítum varðbúningum.

Á 100 árum hefur sjónsvið okkar
víkkað og Ísland býður alla
velkomna burtséð frá þjóðerni;
þá sem þurfa á heimili að halda,
þá sem kjósa svip Fagrafjalls
frekar en svip sinna heimahaga,
þá sem hafa ekkert annað en
Ísland. Og verið velkomin öll!
Drekinn breiður úr vænghafi sínu
til að taka við ykkur.

Íslands 1000 ár, Íslands sjálfstæðu
100 ár, Vopnafjarðar viðburðaríku
hundrað ár.

Og drekinn brosir til
fram tíðarlands Vopnafjarðar. Þar

sem sumarið bíður með sinn
langa sólríka dag, veturinn með
sitt kalda tungl. Fjörðurinn baðar
sig í birtu bjartsýnis alla daga,
allar nætur - um tíma og eilífð.
Eins og Ísland allt.